

hann hefir áður staðið skil á. Með því að yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði hins áfrýjanda dóms, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum ber og áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákeðst 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn Skafti ritstjóri Jósefsson greiði stefnda Stefáni Th. Jónssyni kaupmanni fyrir hönd Sömme & Wathne í Stafangri í málskostnað fyrir yfirdómi 40 krónur. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 31/1902:

Sigfús Sveinbjarnarson  
 gegn  
 L. A. Snorrasyni.

D ó m u r:

Í 25. tölublaði Vestra, sem út kom 26. apríl 1902, er birt auglýsing dagsett á Ísafirði 21. s. m. og undirskrifuð af stefndum L. A. Snorrasyni, svohljóðandi: »Almenningi tilkynnist hér með, að Sigfús Sveinbjörnsson, sem, því miður, um tíma í vetur veitti verzlun minni forstöðu, hefir ekki nokkurn hlut með hana að gera lengur, og lýsi eg hér með ógilda að öllu leyti fullmakt þá, er eg á sínum tíma gaf honum«.

Áfrýjandi þessa máls, Sigfús Sveinbjarnarson, sem um undanfarinn tíma hafði veitt forstöðu verzlun stefnda á Ísafirði, taldi auglýsingu þessa móðgandi fyrir sig, sérstaklega orðin »því miður«, og til þess fallna að kasta rýrð á sig og baka sér atvinnutjón. Höfðaði hann því meiðyrða- og skaðabótamál á móti stefndum, og var sök þeirri ráðið til lykta með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar uppkveðnum 25. júlí 1902 á þá leið, að stefndur var algerlega sýknaður af kærnum og kröfum áfrýjanda, og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir Sigfús Sveinbjarnarson áfrýjað til landsyfirréttarins með stefnu, dagsettri 24. janúar þ. á., og krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og honum breytt þannig, að stefndur L. A. Snorrason verði dæmdur í hegningu fyrir hin umgetnu móðgandi og niðrandi ummæli um sig, þau dæmd ómerk og stefndur ennfremur dæmdur til að greiða áfrýjanda auk málskostnaðar 2000 kr. í skaðabætur fyrir skapraun og mannorðspell og þar af leiðandi atvinnutjón. Stefndur hefir aftur á móti haldið því fram, að hvorki auglýsingin yfirleitt né hin tilgreindu orð »því miður« sérstaklega væri meiðandi fyrir æru áfrýjanda eða til þess fallin, að rýra álit hans hjá almenningi. Hann telur því málshöfðun þessa gegn sér ástæðulausa, og krefst þess, að hann verði algerlega sýknaður í málinu, að áfrýjandi verði sektaður fyrir þrætugirni, og að hann, áfrýjandi, verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati réttarins.

Eins og hin átöldu orð „því miður“, koma fyrir í auglýsingunni, liggur ekkert frekara í þeim en það, að stefnda þótti það þá lakara, að hann hafði ráðið áfrýjanda í þjónustu sína, og að hann þá sá eftir því; um ástæðu fyrir þessu gefur auglýsingin enga upplýsingu. Það er eigi hægt að staðhæfa það eða halda því fram, að auglýsingin drótti því að áfrýjanda, að hann hafi staðið illa í stöðu sinni, því að orð auglýsingarinnar geta alt eins vel stúðst við það, að þeim hafi komið illa saman, áfrýjanda og stefnda, eius og sannað er í málinu að var. — Það verður því ekki álitid, að hin átöldu orð séu ærumeidandi fyrir áfrýjanda, eða að þau séu fallin til þess að verða virðingu hans til hnekkis eða að í þeim felist óvirðandi móðgun, sem eigi að varða við lög, og verður því að fallast á það, að stefndi er sýknaður með hinum áfrýjanda dómi. Með því að málskostnaðarákvæði dómsins samþykkjast einnig, skal staðfesta hann í heild sinni. Eftir málsatvikum þykir og rétt, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður, og eigi er nægilegt tilefni til þess eftir kröfu stefnda, að sekta áfrýjanda fyrir óþarfa þrætugirni.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjandi dómur skal vera óraskaður.  
Málskostnaður falli niður.